

**Nd.** **252. Frumvarp til laga** [178. mál]

um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Í stað orðanna í 2. gr.: „og gilda til 31. desember 1970“ komi: og gilda til 31. desember 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 86 frá 31. desember 1968 um breyting á lögum um verðlagsmál, fellur umboð núverandi verðlagsnefndar niður 31. desember 1970, sbr. lög nr. 100 frá 31. desember 1969 um breytingu á þeim lögum. Er ætlunin með þessari lagabreytingu að framlengja enn umboð núverandi verðlagsnefndar til 31. desember 1971.